

**Nd.**

**537. Frumvarp**

til laga um mælitæki og vogaráhöld.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Hver sú verslun, sem mæla skal varning eða vega, skal til þess nota mælitæki eða vogaráhöld, sem löggilt eru og löglega stimpluð. Tæki þessi og áhöld skulu sæta eftirliti af hálfu stjórnarvalda þeirra, er til þess eru nefnd í lögum þessum; en skylt er engu að síður þeim, er þau tæki nota við afhending eða móttöku vöru, að sjá um að þau sjeu rjett.

Öll mælitæki og vogaráhöld, sem notuð eru til að ákveða upphæð tollgjalda til landssjóðs eða til þess að byggja á þeim vottorð um vigt eða mæli, eða og til annars, sem ákveðið kann að verða í konungstilskipun samkvæmt 2. gr. þessara laga, skulu vera löggilt og eftirliti háð.

2. gr.

Undir umsjón stjórnarráðsins skal setja á stofn löggildingarstofu í Reykjavík, og sjer hún um:

- a) stimplun og löggilding mælitækja og vogaráhalda; jafnframt fellur burt það löggildingarstarf, sem hvílir á sýslumönnum og bæjarfógetum,
  - b) einkasölu á stimpluðum og löggiltum mælitækjum og vogaráhöldum,
  - c) verklegt eftirlit með mælitækjum og vogaráhöldum,
- alt eftir nánari ákvæðum, sem felast í lögum þessum og sett verða í konunglégri tilskipun um mælitæki og vogaráhöld.

### 3. gr.

Löggildingarstofunni skal stjórnað af forstöðumanni, sem stjórnarráðið skipar, og hefir hann að launum 2500 kr. á ári, auk alt að 500 kr. til ferðakostnaðar.

Til þess að koma löggildingarstofunni á stofn má greiða úr landssjóði alt að 8000 kr.

Annar kostnaður af löggildingarstofunni skal greiddur með tekjum þeim, er hún fær að lögum. Fjárhagsáætlun hennar skal tekin í fjárlög. Útsöluverð á mælitækjum og vogaráhöldum, sem löggildingarstofan hefir einkasölu á, skal stjórnarráðið staðfesta.

## A. Löggildingarstarfinn.

### 4. gr.

Löggilding á mælitækjum og vogaráhöldum fer fram á þann hátt, að stimplað er á þau löggildingarmerki, sem er fangamark Kristjáns konungs X. með kórónu, og auk þess merki, er gefi til kynna, hvaða ár löggildingin hafi farið fram.

### 5. gr.

Löggildingarstofan getur löggilt tæki, þótt ekki sjeu þau ætluð til notkunar, er löggildingarskyldan nær til, ef þau eru að hennar dómi til þess fallin.

### 6. gr.

Löggildingarstofan getur löggilt af nýju mælitæki og vogaráhöld, sem áður hafa löggilt verið, en orðin eru ófullnægjandi, ef þeim hefir verið breytt þannig, að þau fullnægi löggildingarskilyrðum.

Þeir, er nota löggilt mælitæki og vogaráhöld, skulu leita nýrrar löggildingar, þegar skekkjan á þeim fer fram úr slitmarki, sem ákveðið verður í tilskipun (sbr. 2. gr.). Notendur mega hvorki sjálfir nje með annara aðstoð breyta eða gera við löggilt tæki, nema þeir afmái jafnframt löggildingarmerkin.

## B. Útsölustarfinn.

### 7. gr.

Einkasala löggildingarstofunnar nær til allra löggildingarskyldra tækja, sem nefnd eru í 1. gr., og sömuleiðis til þeirra mælitækja og vogaráhalda, sem notuð eru til annars, eftir því sem tilskipunin greinir.

8. gr.

Löggildingarstotan skal hafa svo miklar birgðir af algengum mælitækjum og vogaráhöldum, er ætla má að nægi. Hafa má hún aðalútsöllumann, er annast sölu fyrir hennar hönd, og ber að sjá um, að tækin sjeu til sölu svo víða um landið, sem þörf er á.

9. gr.

Nú hefir löggildingarstofan ekki tæki, sem óskað er, og er þá heimilt að kaupa þau annarstaðar. Þegar svo ber undir, má krefjast þess, að löggildingarstofan löggildi þau, ef þau fullnægja að hennar dómi löggildingarskilyrðum.

Í tilskipun þeirri, sem ráð er fyrir gert í 2. gr., skal ákveða, að löggildingarstofan geti, þegar sjerstaklega stendur á, gefið leyfi til að nota mælitæki og vogaráhöld, sem hún hefir ekki sjálf löggilt, en löggilt eru með því löggildingarmerki, sem gildi áður en lög þessi öðluðust gildi. Þó skal jafnskjótt sem unt er stimpla tæki þessi með ársmerki löggildingarstofunnar.

C. *Eftirlitsstarfinn.*

10. gr.

Lögreglustjóra er skylt að sjá um, að kaupmenn noti eingöngu löggilt mælitæki og vogaráhöld, og yfirleitt, að haldin sjeu þau ákvæði, sem sett eru um notkun slikra tækja.

Hann getur fyrirvaralaust látið skoða áhöld og tæki til mælis og vogar hjá öllum, sem löggilt tæki nota eða nota ber, og rannsakað, hvort fylgt hefir verið rjettilega fyrir mælum laga þessara um löggilding og stimplun eftir verklega prófun eða nýja löggilding.

11. gr.

Vörumatsmönnum og löggiltum vigtarmönnum skal skylt að athuga bæði, hvort tæki þau, er notuð eru, sjeu rjett löggilt og merkt, og hvort tækin í raun og veru sjeu rjett, og skal löggildingarstofan veita þeim nauðsynlegar leiðbeiningar um það, og þann stuðning, sem með þarf.

12. gr.

Löggildingarstofunni skal skylt, að minsta kosti þriðja hvert ár, að láta framkvæma verklega prófun á öllum mælitækjum og vogaráhöldum, er kaupmenn nota, og einnig á öðrum samskonar tækjum, sem stjórnarvöld hafa umsjón með.

Eftirlitsmönnum er heimil tafarlaus aðganga að öllum stöðum, þar sem mælitæki og vogaráhöld eru notuð, og er heimilt að krefjast aðstoðar lög-reglustjóra, ef á þarf að halda.

Skyllt er þeim, sem áhöld og tæki eru rannsökuð hjá samkvæmt lögum þessum, að láta í tje aðstoð sína, ef eftirlitsmenn kalla til hennar. Í kaupstöðum og kauptúnum er honum skylt að senda þau tæki, sem flytjanleg eru, til þess staðar, sem eftirlitsmenn ákveða.

13. gr.

Fyrir verklega eftirlitið skal greitt gjald, sem löggildingarstofan innheimtir, og ákveðið er í tilskipun þeirri, er nefnd er í 2. gr.

Ef löggildingarstofan æskir þess, skal lögreglustjóri senda henni skrá yfir menn þá í lögsagnarumdæmi hans, sem verslunarrjett hafa, og aðrar þær upplýsingar, sem með þarf vegna eftirlitsins.

Gjöld þau, sem inn koma fyrir eftirlitið, skulu teljast til tekna löggildingarstofunnar.

*D. Ýms ákvæði og hegningarákvæði.*

14. gr.

Nota má framvegis þau mælitæki og vogaráhöld, sem til eru, þegar lög þessi öðlast gildi, og löggilt eru á rjettan og löglegan hátt eftir þeim reglum, sem hingað til hafa gilt.

Þó skal eins fljótt og unt er — í kaupstöðunum í síðasta lagi áður en ár er liðið eftir að lög þessi hafa öðlast gildi — framkvæma verklega prófun og merkingu á öllum eldri löggildingarskyldum mælitækjum og vogaráhöldum, eins og í 12. gr. getur.

15. gr.

Skylda sú til löggildingar og eftirlits, sem fyrirskipuð er samkvæmt lögum þessum, nær ekki til vogaráhalda lækna og lyfsala; skulu þau stöðugt vera háð sjerstöku eftirliti landlæknis. Hann getur, samkvæmt nánari heimild í tilskipun þeirri, er nefnd er í 2. gr., sett ákvæði um slík vogaráhöld.

16. gr.

Brot á lögum þessum eða reglugerðum, sem settar eru samkvæmt lögum, varða sektum til landssjóðs frá 5—200 kr., nema þyngri hegning liggi við að lögum. Ólögleg mælitæki og vogaráhöld skulu upptæk, og andvirði þeirra renna í landssjóð. Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál. Í tilskipun þeirri, er nefnd er í 2. gr., verður nánar ákveðið, að hve miklu leyti hegningarvert sje að nota löggilt mælitæki og vogaráhöld, sem breyst hafa af elli og sliti.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1919.